

## Fundargerð

Mánudaginn 5. febrúar 2024 kl. 11:00 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar á Teams. Fundinn sátu Ágúst Kristinsson, Gísli Hlíðberg Guðjónsson, Guðjón Guðmundsson, Guðrún Torfhildur Gísladóttir og Þórey I. Guðmundsdóttir. Fundinn sat einnig Árni Sverrir Hafsteinsson, starfsmaður innviðaráðuneytisins, sem jafnan ritar fundargerð. Gestur undir 1. lið var Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Brú lífeyrissjóðs.

### 1. Fundargerð fundar nefndarinnar 22. janúar sl.

Fundargerðin var samþykkt án breytinga.

### 2. Innheimta lífeyrisskuldbindinga frá sveitarfélögum vegna lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu Brú lífeyrissjóðs

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Brú lífeyrissjóðs kynnti forsendur og aðdraganda kröfu sem sjóðurinn gerir á sveitarfélög vegna þeirra sem annað hvort voru byrjaðir lífeyristöku eða orðnir 60 ára við breytingu fyrirkomulags opinberra lífeyrissjóða 2016. Formaður gerir drög að leiðbeiningum til sveitarfélaga um hvernig beri að færa skuldbindinguna til bókar.

### 3. Umræða um 60. gr. Sveitarstjórnarlaga

Nefndin ræddi sjónarmið um skiptingu á milli A- og B-hluta sveitarfélaga í tengslum við yfirstandandi endurskoðun Sveitarstjórnarlaga. Umræðu frestað til næsta fundar.

### 4. Erindi IRN22010336 frá Einari S. Hálfðánarsyni vegna Félagsbústaða hf.

Samþykkt var svar við fyrirspurninni. Gísli vék af fundi undir afgreiðslu erindisins vegna vafa um hæfi.

### 5. Næsti fundur nefndarinnar

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn mánudaginn 26. febrúar næstkomandi kl. 10:00.

Fundi lauk kl. 12:10